


Norðurá í Skagafirði 1993

Jón Örn Pálsson

Hólmum, febrúar 1994

VMST/N- 94003x




VEIDIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

Norðurá í Skagafirði 1993

Jón Örn Pálsson

Hólmum, febrúar 1994

VMST/N- 94003x



**Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild**
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólmum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

INNGANGUR

Norðurá í Skagafirði er dragá sem rennur í Héraðsvötnin. Frá árinu 1981 hefur árlega verið sleppt 3000-5000 sumaröldum smáseiðum í ána og síðastliðin tvö ár hefur einnig verið sleppt gönguseiðum. Sýnilegur árangur er, að nú veiðast einstaka laxar í silungsnet í Norðurá, en talið er að slíkt hafi ekki gerst áður er sleppingar hófust. Að beiðni Veiðifélagsins var gerð athugun á Norðurá, með það meginmarkmið að kanna hvort náttúruleg laxaseiði fyrirfinndust í ánni.

AÐFERÐ.

Rafveitt var á 6 stöðum í Norðurá þann 26. ágúst 1993. Staðsetning rafveiðistöðva er sambærileg við athugun á ánni sem fóru fram árið 1986 (Tumi Tómasson, 1987). Öll seiðin sem veiddust voru lengdarmæld og voru teknar kvarnir úr nokkrum seiðum til aldursákvörðunar. Hitastig árinnar (á stöð 6) var mælt 7,5 °C kl.12 á hádegi en hækkaði í 10.5 °C síðar um daginn.

NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

Lax.

Það fundust sumargömul náttúruleg laxaseiði (frá hrygningu 1992) í grjótgarðinum vestan við Norðurábrú neðri (stöð 6). Laxaseiðin voru fremur lítil og horuð og voru til að mynda mun smærri en jafngömul seiði sem voru rafveidd í Húseyjarkvísl (28.ágúst) á liðnu sumri (Bjarni Jónsson, 1993). Stærð seiðanna og holdafar ásamt því að ekki skuli finnast eldri seiði á sama stað bendir til þess að afföll geti orðið mikil yfir vetrartímann. Laxaseiðin lenda líka í samkeppni við bleikjuseiði um pláss og fæðu, því mikið var af bleikjuseiðum á stöð 6.

Ofar í Norðurá fundust ekki laxaseiði, og líkur á því að stór hluti smáseiðssleppinga síðustu ára hefi misfarist. Á liðnu sumri fundust þó 2 ársgömul laxaseiði af sleppiuppruna á grýttu svæði fyrir neðan efri Norðurábrú þegar gerð var athugun á áhrifum malarþvotts á seiðabúskap árinnar (Sigurður M. Einarsson, 1993). Það sýnir að þar sem árbotninn er stöðugur geta laxaseiði þrifist þó vöxtur sé hægur. Þetta er einnig staðfest í athugun sem var gerð sumarið 1986 (Tumi Tómasson, 1987), en þá fundust nokkur sleppiseiði á grýttum köflum, sem höfðu lifað í ánni 2-3 ár.

Á hverju sumri veiðist ætíð eitthvað af fullorðnum laxi neðarlega í Norðurá (Tafla 1), en þar sem ekki hafa verið tekin hreistursýni er ekki hægt að segja til um hvort þessi veiði sé árangur af seiðasleppingum. Þó voru tekin hreistursýni af 4 löxum sem voru veiddir við ármót Norðurár og Héraðsvatna sumarið 1993 og benda þau til þess að fiskarnir séu af náttúrulegum uppruna, en það er óvist hvort þeir séu upprunnir úr Norðurá (Tafla 2). Það er því erfitt að meta hvort náttúrulegu sumargömlu laxaseiðin sem fundust neðst í Norðurá sumarið 1993 (stöð 6) séu afkomendur frá sleppiseiðum í Norðurá, því hafa ber í huga að laxinn úr Héraðsvötnunum gæti leitað upp í neðri hluta Norðurár til hrygningar.

Ef veiði á fáeinum löxum og fundur á náttúrulegum sumargömlum laxaseiðum í Norðurá er sýnilegur árangur af því ræktunarstarfi sem hefur verið unnið síðustu 12 ár, þá er óhætt að draga þá ályktun að uppræktun árinnar hafi í meginatriðum mistekist. Það hefur löngum verið ljóst að áin er afar harðbýl bæði með tilliti til þess að hún er skjóllítill, árferði er óstöðugt og vatnshiti lágor. Þessir þættir geta á margan hátt skýrt hvers vegna það finnast ekki stálpuð laxaseiði í ánni þrátt fyrir að vart verði við hrygningu.

Bleikja.

Bleikjuseiði fyrirfinnast um alla Norðurá og virtust þau vera feit og vel á sig komin, sem staðfestir að Norðurá er upplögð bleikjuá (mynd 2). Hins vegar er fjöldi seiða (þéttleiki) minni samanborið við athugun sem var gerð sumarið 1986 (Tumi Tómasson, 1987), en svipaður því sem var mælt sumarið 1983 (Sigurður Guðjónsson, 1983). Sveiflur í seiðapéttleika milli ára gætu skýrst af því hversu harðbíl áin er og hafa þarf í huga að tölverðir ruðningar eru árvissir og áin skiptir oft um farvegað. Því er ekki hægt að segja að bleikjustofninn sé á undanhaldi, þó bleikjuveiði hafi dregist saman síðustu ár, enda hafa komið fram miklar sveiflur í bleikjuveiði (tafla 1)..


Heimildir

Bjarni Jónsson, 1993. Húseyjarkvísl 1992 og 1993. Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild, VMST/N-93007x


Sigurður Már Einarsson, 1993. Áhrif malarþvottar á fiskistofna Norðurár í Skagafirði. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST-V/93012X: 5 bls.

Sigurður Guðjónsson, 1983. Athugun á Norðurá í Skagafirði. Skýrsla Veiðimálastofnun. 5 bls.

Tumi Tómasson, 1987. Athugun á Seiðastofnum og uppeldisskilyrðum í Norðurá í Skagafirði 1986. Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild, VMST/N-87006



Mynd 1. Yfirlitskort af Norðurá í Skagafirði og staðsetning rafveiðisvæða í ágúst 1993.



Mynd 2. Aldur og lengdardreifing laxa- og bleikjuseiða í Norðurá í ágúst 1993.

Tafla 1. Skráð veiði í Norðurá í Skagafirði á árunum 1984-1992
(Samkvæmt Veiðiskýrslum, Guðni Guðbergsson, VMST)

Veiðiár	Lax	Bleikja	Urriði
1984	2	71	1
1985	7	123	-
1986	4	8	1
1987	20	415	1
1988	-	-	-
1989	1	304	-
1990	3	381	-
1991	10	194	-
1992	10	47	-

Tafla 2. Aldursgreining á laxi úr Norðurárós, veiddur í ágúst 1993.

Pyngd (kg)	Lengd (cm)	Ár í ferskvatni	Ár í sjó
2,1	60	3	1
2,1	60	3	1
2,0	60	3	1
2,2	60	3	1
2,2	60	ólæsilegt	